

**Nd. 299. Frumvarp til laga**

um samkomudag reglulegs Alþingis 1948.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1948 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Vitað er, að Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1948 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 1. október n. k.